

Sp. 1013. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum hentugri skipum, enda sé þá lokið athugun á því, hvaða tegund skipa henti best til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land. Jafnframt verði fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarna-sveita á Vestfjörðum, dags. 1. ágúst 1945, um byggingu eða kaup á skipi, er henti til þeirra starfa. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að leita sams konar samninga við slysavarnasveitir annarra landshluta og að halda áfram tilraunum um notkun flug-véla til landhelgisgæzlu.

Til framangreindra ráðstafana heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkis-sjóði, ef með þarf, allt að 2 milljónum króna, auk andvirðis varðskipa þeirra, er seld kunna að verða.